

Fundargerð 24. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 12. janúar kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Stefán B. Veturliðason, verkefnastjóri, Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Verkáætlun

Fyrir liggur tillaga að nýrri verkáætlun, sjá fylgiskjal.

Samkvæmt tillögunni færast útboð á heildarframkvæmd til 2. mars n.k. Um einn verktaka yrði að ræða sem gefur færi á að láta verkþætti skarast og jafnframt eru líkur á hagstæðari verðum. Uppsteypa gæti hafist í byrjun apríl. Verklok verktaka yrðu í lok júní 2018 og skil til framkvæmdasýslu ríkisins. Heimilið verður tilbúið til notkunar í lok ágúst 2018. Hér er um raunhæfa verkáætlun að ræða og þar sem um eðlilegan verktíma er að ræða ætti að vera hægt að ná hagstæðari verðum. Allur frágangur yrði búinn í byrjun maí 2018. Lóðin verður að stórum hluta til lokið sumarið 2017 en það sem er næst húsi yrði klárað vorið 2018. Gætt verður að viðkæmu umhverfi við framkvæmdirnar s.s. mosa og hrauni.

Verkefnastjórn ákveður að verkið verði boðið út í einu lagi og tillaga að nýrri verkáætlun er samþykkt, sjá fylgiskjal.

2. Íbúafundur

Íbúafundur verður 19. Janúar og haldinn að Sólvangi. Skóflustunga verður tekin í næstu viku og ákveðið að öll verkefnastjórnin taki skóflustunguna.

Rætt um að opna facebook-síðu þar sem hægt er að fylgjast með framkvæmdum og hvernig verkinu miðar.

Fundi slitið kl. 16:40.